

Rektor setti fund kl. 9.05.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda  
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs  
Ólöf Nordal fulltrúi menntamálaráðuneytis (í símasambandi)  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Ólafur Proppé, formaður dómnefndar til að meta hæfi umsækjenda um starf rektors  
Stefán B. Sigurðsson prófessor, umsækjandi um starf rektors

---

Rektor bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá. Ákvað hann að fresta afgreiðslu 278. og 279. fundargerða háskólaráðs.

## 1. Ráðning nýs háskólarektors

0901004

Ólafur Proppé kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Rektor greindi frá að athugasemdir hefðu borist frá þremur af umsækjendum um stöðu rektors, við álitssgerð dómnefndar dags. 22. apríl 2009. Einn umsækjandi hefur sent umsögn þess efnis að hann geri ekki athugasemd við álitid.

Ólafur greindi frá því í hverju athugasemdir hvers og eins hinna þriggja umsækjenda fólust. Dómnefndin hefur brugðist við athugasemdunum og sent hlutaðeigandi bréf dagsett 15. maí ásamt viðauka við álitssgerðina frá 22. apríl, einnig dagsettum 15. maí. Niðurstaða dómnefndarinnar frá 22. apríl er óbreytt eftir að tillit hefur verið tekið til athugasemda umsækjendanna þriggja og um það er einróma samstaða.

Ólafur svaraði ýmsum spurningum háskólaráðsfulltrúa varðandi niðurstöðu dómnefndarinnar. Hann skýrði frá hvernig vinnubrögðum dómnefndar við mat á hæfi umsækjenda um stöðuna var háttað. Út frá auglýsingu um starfið og reglum HA um ráðningar og framgang kennara var ákveðið að meta átta hæfisþætti umsækjenda. Dómnefndarmenn gengu einnig út frá eigin reynslu af störfum við háskóla. Þættirnir átta eru: menntun, vísindastörf, kennslustörf á háskólastigi, reynsla af háskólastörfum og stjórnun þeirra, reynsla af fjármálum og rekstri háskóla, hæfni til samskipta og tjáningar, leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar og framtíðarsýn fyrir Háskólann á Akureyri.

Háskólaráðsfulltrúar lýstu ánægju sinni með fagleg vinnubrögð dómnefndarinnar. Ólafur þakkaði fyrir traust sem dómnefndinni var sýnt og fór af fundi.

Stefán B. Sigurðsson, umsækjandi um stöðu rektors, kom á fundinn og var hann boðinn velkominn til viðtals. Svaraði hann síðan spurningum rektors og fulltrúa í háskólaráði. Fram kom að Stefán hefur komið að málum HA frá upphafi, sat m.a.

Í nefnd sem undirbjó ákvörðun um að stofnaður skyldi háskóli á Akureyri, og sinnti kennslu í hjúkrunarfræði við háskólann. Framtíðarsýn Stefáns er að HA blómstri áfram og eflist með aukinni sérhæfingu á ákveðnum fræðasviðum. Að HA verði í mjög miklu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki og að litið verði til og leitað til sérfræðinga háskólans um lausnir fyrir atvinnulífið. Lagði Stefán í máli sínu áherslu á mikilvægi teymisvinnu í rannsóknum og aukið samstarf háskóla á Íslandi á jafningjagrunni. Stefán sér fyrir sér samstarf háskóla á norðlægum slóðum og nefndi umhverfisbreytingar á Norðurlandinu, álitamál sem verða til og tækifæri sem skapast við þær. Aðspurður taldi Stefán að mikill sveigjanleiki ætti að vera fyrir hendi varðandi kennslu- og rannsóknaskyldu kennara. Háskólinn ætti að búa svo um hnútana að þeir kennarar sem eindregið óska eftir að stunda rannsóknir ættu að fá tækifæri til þess, meðan aðrir gætu skilað vinnuframlagi sínu meira í kennslu.

Stefán lítur á háskólann sem rötgróna menningarstofnun, ómetanlegan menningarauka fyrir Norðurland allt með starfsemi sinni, kennurum, áhrifum á nærumhverfi sitt, og ekki síst vegna nemenda háskólans. Stefán sagði sinn stjórnunarstíl vera að halda góðum persónulegum tengslum við kennara og nemendur. Vill hann leita lausna á vandamálum sem upp koma í samvinnu við aðila sem hlut eiga að máli. Persónuleg tengsl rektors og starfsfólks/nemenda telur hann auðveldla samstarf um rannsóknir og aðra teymisvinnu.

Aðspurður um áhrif efnahagskreppunnar, sem nú gengur yfir þjóðfélagið, á starf háskólans, kvaðst hann hallur undir að velja við hverjum steini í rekstrinum til að ná niður sparnaði sem kann að verða nauðsynlegur.

Háskólaráðsfulltrúar þökkuðu Stefáni fyrir viðtalið, hann þakkaði fyrir sig á móti og vék af fundi.

Í umræðum kom fram ánægja háskólaráðsfulltrúa með hversu vel Stefán hefði sett sig inn í starfsemi háskólans, og þann mikla metnað fyrir hönd HA sem hann hefur. Rektor lagði til að álit dómnefndar frá 22. apríl með áorðnum breytingum yrði samþykkt og var það gert einróma. Lagði hann til að háskólaráð fæli sér að svara athugasemdum umsækjendanna þriggja með hliðsjón af álit dómnefndar og var það samþykkt einróma. Háskólaráð samþykkti einnig einróma að rektor verði falið að svara umsækjandanum Guðmundi H. Frímannssyni um hugsanlegt vanhæfi Óttars Proppé sem formanns dómnefndar, með vísun í álit Tryggva Þórhallssonar lögmanns.

Rektor dreifði og fór yfir minnisblað dags. 19. maí þar sem háskólaráð óskar umsagnar háskólafundar um þá fyrirætlan ráðsins að tilnefna Stefán B. Sigurðsson sem næsta rektor Háskólans á Akureyri. Fundurinn verður haldinn þann 26. þ.m. Háskólaráð samþykkti minnisblaðið einróma.

Rektor þakkaði háskólaráðsfulltrúum fyrir mjög góða samvinnu um ráðningarferli rektors.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.00.

